

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 18. september kl. 12:15 var haldinn 114. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Jórunn Frímansdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Gunnar Sigurðsson og Finnbogi Rögnvaldsson.

Ennfremur sat fundinn Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármálasviðs dags. 15. þ.m. um heimild til skuldabréfaútboðs.

Forstjóri gerði grein fyrir fjármögnunarmöguleikum félagsins.

Þorleifur Gunnlaugsson leggur fram svohljóðandi dagskrártillögu:

Lagt er til ákvörðun um heimild til fjármálastjóra OR um að undirbúa skuldabréfaútboði á innlendum markaði verði frestað þar til borgarráð hefur fjallað um málið.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Dagskrártillagan felld með fjórum atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Þorleifs Gunnlaugssonar og Sigrúnar Elsu Smáradóttur.

Þorleifur Gunnlaugsson óskar bókað:

Þorleifur Gunnlaugsson fulltrúi VG í stjórn Orkuveitunnar harmar það að frestunardeiðni skuli vera vísað frá.

Það er ítrekað að vel megi vera að Orkuveitan sé í þeirri stöðu að engin leið önnur sé fær önnur fær en að fara í umrætt skuldabréfaútboð nú en á það er bent að endurfjármögnun láns frá því um síðustu áramót þarf ekki að fara fram fyrr en í mars á næsta ári.

Áhyggjur eru í borgarstjórn Reykjavíkur vegna eignfjárstöðu Orkuveitunnar og slæmrar lausafjástöðu en vegna ábyrgða borgarinnar á OR er það tímabært að borgarráð fjalli um málið áður en lengra er haldið.

Borgarráðsfulltrúi VG hefur farið fram á það að málið verði sett á dagsskrá borgarráðs á fimmtudaginn kemur.

Samþykkt stjórnar:

Stjórn samþykkir erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 15. september 2009 þar sem er óskað heimildar stjórnar til skuldabréfaútboðs á innlendum markaði að fjárhæð allt að 10 milljörðum króna með útgáfu tveggja skuldabréfaflokka í íslenskum krónum, með þeim skilmálum sem í erindinu er lýst.

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna ræðst í útboði og koma tilboð í þau til ákvörðunar stjórnar og staðfestingar eigenda.

Jafnframt fellur niður heimild stjórnar frá 3. júlí sl. um lántöku að fjárhæð allt að 5 milljarðar króna.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson sitja hjá.

Sigrún Elsa Smáradóttir óskar bókað:

Fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR situr hjá við afgreiðslu tillögu um skuldafjárútboð. Fulltrúinn telur aðra möguleika vera til fjármögnunar fyrir fyrirtækið, sem ekki fela í sér aukna skuldsetningu, samanber tillögu fulltrúans um sölu á skuldabréfi Magma.

Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon og Jórunn Frímansdóttir óska bókað:

Sjálfsgagt er að stjórn Orkuveitunnar hafi stöðugt til skoðunar ýmsa möguleika til að fjármagna þær umfangsmiklu framkvæmdir sem fyrirtækið stendur fyrir. Eðlilegt er að tímanlega sé hugað að endurfjármögnun lána og þeir kostir valdir, sem hagstæðastir eru fyrirtækinu. Með samþykkt tillögu um útgáfu skuldabréfa er verið að fjölga þeim kostum, sem fyrirtækið hefur til fjármögnunar framkvæmda. Ekki eru efni til þess að ákveða nokkuð um sölu á einstökum skuldabréfum, s.s. vegna Magma, fyrr en slík skuldabréf eru formlega orðin eign Orkuveitunnar.

2. Sigrún Elsa Smáradóttir leggur fram svohljóðandi tillögu:

Til að koma á móts við fjármögnunarþörf OR er lagt til að undirbúningur verði hafinn að sölu skuldabréfsins, sem Magma gefur út fyrir 70% af greiðslu fyrir hlutinn í HS Orku, á opnum markaði en skuldabréfið er sagt jafngilda að nafnverði 8.439.640.562 kr.

Afgreiðslu frestað.

3. Lagt fram kynningarblað framkvæmdastjóra fjármála um verkefnafjármögnun 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar dags. 16. september sl.

Þorleifur Gunnlaugsson leggur til að málið verði tekið af dagskrá.

Formaður hafnar beiðninni enda sé um kynningu að ræða.

Þorleifur Gunnlaugsson óskar bókað:

Á borgarstjórnarfundi á þriðjudaginn var töluðu borgarfulltrúar meirihlutans sig hás um það að ekki stæði til að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur eða hluta hennar. Nú aðeins þremur dögum síðar eru lagðar fram hugmyndir um að hluti Hellisheiðarvirkjunar verði settur í sérstakt hlutafélag en það býður þeirri hættu heim að einkafjárfestar verði hluthafar.

Þar með væri ekki aðeins verið að einkavæða hluta Orkuveitunnar heldur líka hluta auðlinda á Hellisheiði. Brunaútsalan á orkuveitum og orkuauðlindum er hafin að frumkvæði Framsóknar- og Sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon og Jórunn Frímansdóttir óska bókað:

Því er algerlega vísað á bug að hugmyndir um verkefnafjármögnun 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar feli í sér einkavæðingu á hlut í Orkuveitunni eða auðlindum á Hellisheiði. Þær hugmyndir um verkefnafjármögnun, sem verið hafa til skoðunar, fela í sér að veitt yrði veð í fjárstreymi virkjunar meðan á uppgreiðslutíma láns stæði, en sjálf virkjunin yrði ætíð að fullu í eigu Orkuveitunnar.

4. Lagt fram að nýju erindi HS Orku dags. 7. ágúst s.l., sem lagt var fram á fundi stjórnar OR 20. ágúst sl., varðandi:

- forkaupsrétt OR vegna sölu Reykjanesbæjar á hlut í HS Orku til Geysis Green Energy.
- forkaupsrétt OR vegna sölu Geysis Green Energy á hlut í HS Orku til Magma Energy.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að falla frá forkaupsrétti .

Þorleifur Gunnlaugsson greiðir atkvæði á móti og Sigrún Elsa Smáradóttir situr hjá.

Þorleifur Gunnlaugsson óskar bókað:

Það er undarlegt að hér sé verið að falla frá forkaupsrétti sem fellur annars niður eftir viku. Bráðræði meirihlutans vekur upp spurningar um annarlegan tilgang.

Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon og Jórunn Frímansdóttir óska bókað:

Ásökunum um annarlegan tilgang er vísað á bug enda er eðlilegt og sjálfsagt að Orkuveitan falli frá forkaupsrétti á hlutabréfum í fyrirtæki, sem það hefur hvorki hug á að auka hlut sinn í né heimildir, sbr. fyrirmæli samkeppnisyfirvalda.

5. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 17. ágúst s.l., sem lögð var fram á fundi stjórnar 20. ágúst s.l.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að hætta endurgjaldslausri afhendingu á heitu vatni til Reykjalundar, frá og með 1. janúar 2010.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson sitja hjá.

6. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga Þorleifs Gunnlaugssonar frá 20. ágúst s.l.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að Orkuveitan hætti að bjóða völdum sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum til laxveiða í Elliðaánum en afhendi Stangaveiðifélagi Reykjavíkur umrædda daga til sölu og verði farið með þau leyfi í samræmi við aðra veiðileyfaúthlutun í ánum og samkvæmt því samkomulagi sem nú gildir á milli OR og Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Lögð fram svohljóðandi frávísunartillaga dags. 24. ágúst s.l.

Með vísan til samnings Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. desember 2001, þar sem kemur fram að það er eigandi ána – Reykjavíkurborg – sem áskilur sér rétt til að ráðstafa fimm veiðidögum í Elliðaánum ár hvert, vísar stjórn OR frá tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar dags. 20. ágúst sl.

Frávísunartillögunni fylgir greinargerð.

Afgreiðslu frestað.

Jórunn Frímansdóttir vék af fundi kl. 14:00.

7. Önnur mál.

- Þorleifur Gunnlaugsson lagði fram fyrirspurn varðandi skuldabréfaútboð OR í desember sl.
- Sigrún Elsa Smáradóttir lagði fram fyrirspurn um greiðslur til Arctica Finance vegna umsjónar með sölu á hlut OR í HS Orku.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:30.

Guðlaugur G. Sverrisson,
Finnbogi Rögnvaldsson, Gunnar Sigurðsson, Jórunn Frímansdóttir, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorleifur Gunnlaugsson.